

Fréttablaðið, 09.02.2023, síða 27
grein stærð: 965.01 sm2
grein hæð: 37.22 sm

Hið sjálfbæra líf

MYNDLIST

Rauður þráður

Hildur Hákonardóttir
Listasafn Reykjavíkur
Kjarvalsstaðir
Sýningarstjóri: Sigrún Inga Hrólfsdóttir

Aðalsteinn Ingólfsson



Hildur Hákonardóttir er textíllistamaður, skólastjóri og aktívisti á sviði þjóðmála, umhverfismála og ekki síst kvenréttinda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sú ákvörðun Listasafns Reykjavíkur að búa til sérstaka „tímabundna rannsóknarstöðu“ með það að markmiði að auka á vitneskju okkar um hlut kvenna í íslenskri listasögu er sennilega það jákvæðasta sem gerst hefur í íslenskum listfræðum á undanförnum áratugum. Stofnað er til stöðunnar með aðkomu listfræðideildar Háskóla Íslands og Safnaráð veitir til hennar þriggja ára styrk. Hér er hugsanlega komin formúla sem gerir íslenskum listfræðingum kleift að takast á við feril og arfleifð fjölmargra listamanna sem settu mark sitt á íslenskt þjóðlíf stóran hluta tuttugustu aldar, án þess að til þess hafi verið tekið af okkur, eftirkomendum þeirra. Að yfirstandandi þriggja ára törn lokinni, verður væntanlega búið að kvitta fyrir þá karllægu áherslu sem innbyggð er í safnaeign Listasafns Reykjavíkur, samanber þríeykið Kjarval, Ásmund og Erró, og hægt að búa til prógramm sem tekur til listamanna af öðrum kynjum.

Verkefninu er hleypt af stokkunum með umfjöllun um Hildi Hákonardóttur, textíllistamann, skólastjóra og aktívista á sviði þjóðmála og umhverfismála og ekki síst kvenréttinda. Rannsóknina vann Sigrún Inga Hrólfsdóttir, myndlistarmaður og fyrrverandi stundakennari við Listaháskóla Íslands, og hafði að bakhjarli Æsu Sigurjónsdóttur, dósent í listfræði við Háskóla Íslands og starfsfólk Listasafns Reykjavíkur. Afraksturinn er til mikillar fyrirmyndar, yfirgripsmikil sýning á gjörvöllu ævistarfi Hildar og 250 síðna sýningarskrá, prýðilega hönnuð, falleg útlits og vel prentuð, og tekur á öllu því sem við þurfum að vita um listakonuna.

Engin huldukona

Hildur hefur aldrei verið svo afskipt að hægt sé að flokka hana með „huldukonum“ í íslenskri myndlist. Nær er að kalla hana sínálæga, því þótt hún sé komin til ára sinna (og með skerta starfsgetu) bregður henni iðulega fyrir á ráðstefnum um náttúrutengda myndlist og náttúruvernd. Þar að auki er listakonan fyrirlesari og pistlahöfundur á netinu til margra ára, verðlaunaður þýðandi (Henry David Thoreau, hvað annað?) og höfundur bóka um grasnytjar og kvennasögu. Og þar að auki ávallt tilbúin að ræða það sem henni liggur á hjarta við ágenga fjölmiðla.

Stóra myndin

En til þessa höfum við ekki fengið að sjá Stóru Myndina, hvernig þessir þættir lífshlaups Hildar tvinnast saman á íslenskum myndlistarvettvangi. Með þessari sýningu má segja að við okkur blasi áðurnefnd Stóra Mynd, eins og hún birtist í myndverkum, ljósmyndum og aðskiljanlegum prentheimildum, og ekki síst ítarlegri samantekt þeirra Sigrúnar Ingu og Guðmundar Odds, sem skrifar um skólastjórann Hildi. Síðan stendur upp á okkur að komast til botns í og samræma alla þessa þætti: náttúrurómantík Hildar, vistfræði, hugmyndir hennar um myndlist, kvennapólitík og hernámsandstöðu, listkennslu, að ógleymdum rótum hennar í gömlu íslensku bændasamfélagi. Með því væri fengin innsýn í eitthvað sem kalla mætti „hugmyndafræði“ listakonunnar. Það eina sem í rauninni mætti leggja aðstandendum sýningarinnar til lasts er að í upphengingunni leggja þeir alla þessa þætti nánast að jöfnu, þannig að kemur niður á innbyrðis heild textílverkanna, sem eru, held ég, hryggjarstykkið í listrænni tjáningu Hildar. Í stað þess hefði mátt gefa ýmsu smálegu efni, ljósmyndum, skipuritum, teikningum og svo framvegis, veglegra pláss í sýningarskrá, og láta textílverkin bera uppi sýninguna.



Hildur Hákonardóttir hjá verki sínu Getnaður með hunangsvökva frá 2011. MYND/AÐSEND

> Hildur hefur aldrei verið svo afskipt að hægt sé að flokka hana með „huldukonum“ í íslenskri myndlist. Nær er að kalla hana sínálæga.

Í Guðs eigin landi

Ekki ætla ég mér þá dul að brjóta til mergjar áðurnefnda hugmyndafræði listakonunnar, til þess gefst hvorki tími né rúm. En það sem við blasir, og hefur sennilega ekki verið nógsamlega tíundað, er að hve miklu leyti Ameríkudvölin 1956–63 mótar viðhorf Hildar til lífs og listar eftir að hún snýr heim, og raunar miklu lengur. Sjálfur var ég samkennari hennar við Myndlista- og handíðaskólann um miðjan áttunda áratuginn og man þá hve henni var tamt að vitna í stjörnuspeki og vísdóm ameríska indíána, stundum kallað „hippafræði“ af gárungum. En til Bandaríkjanna fer Hildur 1956 ásamt ungum börnum og eiginmanni, sem stundar framhaldsnám í stærðfræði og hagnýtri stærðfræði, og búa þau hjón í þriggja klukkustunda akstursfjarlægð frá Manhattan. Þó að Hildur sé þarna fyrst og fremst sem kona mannsins síns og gæti barna þeirra, þá gefast henni mörg tækifæri til að ferðast til New York að skoða söfn og sýningar. Og það vill svo til að lok sjötta áratugar og fyrstu ár þess sjöunda eru sennilega einhverjir mestu umbrotatímar í bandarísku menningarlífi á gjörvallri tuttugustu öldinni.

Abstrakt expressjónismi eftirstríðsáranna með sínar stórbrotnu tilfinningar og háleitu markmið lét undan síga fyrir margs konar andófshreyfingum sem vefengdu flest viðhorf sem Bandaríkjamenn höfðu tileinkað sér í sigurvímu sigurveranna. Enda flæktust þeir áfram í hvert stríðið á fætur öðru um heim allan, með hörmulegum endapunkti í Víetnam. Nýtt amerískt Dada vaknaði til lífsins og sendi einstaklingsframtakinu og háleitum hugmyndum langt nef, lagði í staðinn áherslu á tilviljanir og úrvinnslu á alls konar úrgangi, uppvöðslusöm Beat-skáldin töldu mikilvægara að „lifa“ í list heldur en að skapa hana og lærisveinar Johns Cage hópuðust saman til að kyrja búddamöntrur og storka viðteknum hugmyndum um list með uppákomum sínum. Út úr þessum mörgu þáttum menningar- og stjórnmálalegs andófs spratt svo Flúxus-hreyfingin, sem lýsti því yfir að allir væru færir um að skapa myndlist.

Mjúklátur og þjáll textíll

Nærri má geta hvort 18 ára íslensk stúlka af frjálslyndu borgaralegu heimili, með „borgaralega óhlýðni“ Thoreaus í farteskinu, hefur ekki fundið eitthvað aðdáunarvert og uppörvandi við alla þessa uppstokkun viðtekinna hugmynda í Guðs eigin landi, ekki síst þar sem hún smitaði einnig frá sér yfir í femínisma og umhverfisvernd. En það tók hana nokkurn tíma að melta þessar hugmyndir og verða sér úti um myndlistarmenntun. Árið 1963 er Hildur komin heim og innritast þá í Myndlista- og handíðaskólann, er síðar einn vetur í listaskóla í Skotlandi. Frá byrjun er það mjúklátur og þjáll textíllinn sem virtist henta vel til að tvinna saman ýmsar tilfinningar, ýmsar andstæður sem blöstu við listakonunni, og árið 1968 gerir hún fyrstu sjálfstæðu textílverk sín.

Svo fjallað sé sérstaklega um textílinn, þá verður ekki sagt að Hildur sé með mikilvirkustu vefurum. En hún velur viðfangsefni sín af kostgæfni, tekur sér einfaldlega þann tíma sem hún þarf til að leiða verk sín til lykta. Textílverk hennar eru sömuleiðis kaflaskipt, fyrst tekst hún á við abstrakthugmyndir, liti, form og áferð, og er þar undir áhrifum frá ameríski kvennapólitík og vefnaði indíána. Um 1970 fer myndvefnaðurinn að knýja á, og þá er það ameríska popplistin sem fyrst fangar athygli hennar, samanber verkin „Skyrta“, „Brunnlok“ og „Guð í sjálfum þér“. Þjóðfélagsgagnrýni og kvennapólitík koma svo til skjalanna árið 1971, og þjóðfélagslega meðvitaðan myndvefnað vefur hún allt til 1974, þegar náttúran tekur völdin í textíl hennar, sjá „Árhringinn“ (1981–82) sem nýlega var gefinn Listasafni Reykjavíkur.

Reisn og tímaleysi

Ég skal játa upp á mig, að fyrst í stað skildi ég ekki til fulls pólitískan myndvefnað Hildar og þeirra kvenna sem fylgdu í kjölfar hennar; þótti það tímaeyðsla að fella í vef þau viðfangsefni sem hægt var að koma fljótt og vel til skila í málverkum eða plakötum. En nú verður mér ljóst, hafandi séð þessa yfirlitssýningu listakonunnar, að textíllinn var hennar leið til að hefja baráttumál sín upp yfir hversdagslegt dægurþras, gæða þau reisn og tímaleysi fornra vefta.

Enda er það raunin að helstu myndvefir Hildar, einkum frá tímabilinu 1971–74, hafa staðist býsna vel ágang tímans, boðskapur þeirra er jafn tímabær nú og hann var fyrir fimmtíu árum, þökk sé skýru myndmáli og enn skýrari markmiðum listakonunnar. ■

NIÐURSTAÐA: Tímabær og vönduð úttekt á ævistarfi merkrar listakonu.